

Mál nr. 238/2014**M****og V1 vegna bifreiðarinnar A og V2 vegna bifreiðarinnar B.****Umferðaróhapp á gatnamótum Glerárgötu og Þórunnarstrætis á Akureyri 14. júní 2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 28. júlí 2014 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V2 dags. 12. ágúst 2014 ásamt mótmælum ökumanns B og dagsettar yfirlýsingar X um málsatvik.
3. Bréf V1 dags. 14. ágúst 2014 ásamt niðurstöðu tjonanefndar váttryggingafélaginna í máli nr. 267/2014 og gögn sem fyrir hana voru lögð.

Málsatvik.

Atvik málsins eru þannig skv. lögregluskýrslu að bifreið A var að aka norður Glerárgötu með fyrirhugaða akstursstefnu í vinstri beygju vestur Þórunnarstræti. Bifhjólinu A var ekið suður Glerárgötu með fyrirhugaða akstursstefnu beint yfir sömu gatnamót. Óhappið varð þegar bifreið A var ekið í beygjuna í veg fyrir bifhjólið A sem var ekið beint áfram. Ekki er að sjá af málsatvikum eða málskoti að ágreiningur sé um að bifreið A hafi átt að veita umferð um gatnamótin forgang þegar hún ók yfir þau, sbr. 6. og eftir atvikum 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ágreiningur er hins vegar um hvort sýnt sé að ökumaður bifhjólsins B hafi ekið of hratt og þannig brotið gegn 36. gr. umferðalaga og hvort og þá hvaða áhrif það hafi á sakarskiptingu í málinu.

M telur að ökumaður bifhjólsins B hafi ekið of hratt og það eigi að hafa áhrif á sakarskiptinu. Fyrst og fremst er vitnað til framburðar samferðamanns ökumanns bifhjólsins og þess að vitnum beri ekki saman um aksturshraða. Einnig er vísað til langra hemlafaara sem mældust á vettvangi. V1 telur með vísan til hemlafaara sýnt að ökumaður bifhjólsins hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og skv. venju í viðmiðunarreglum um sakarskiptingu megi ætla að hann beri helming sakar vegna þess. V2 telur hins vegar með vísan til framburðar ökumanns bifhjólsins og framburða vitna á vettvangi ósannað að ökumaður bifhjólsins B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður.

Álit.

Ljóst er af málavöxtum að M sem ökumanni bifreiðarinnar A bar að veita umferð suður Glerárgötu forgang með vísan til ákvæðis 25. gr. umferðarlaga. Þess gætti hún ekki og af því hlaut tjon sem varð þegar ökumaður bifhjólsins B þurfti að hemla skyndilega og missti þannig stjórn á bifhjólinu. Af myndum í lögregluskýrslu má ráða hemlaför frá því hemlun hefst, áður en bifhjólinu B er ekið inn á gatnamótin, fram að því þegar það fellur í jörðina inn á gatnamótunum eru 24,4 metrar. Það bendir til sterklega til þess að bifhjólinu hafi verið ekið of hratt m.v. aðstæður en skv. 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga ber öllum ökumönnum að sýna sérstaka aðgát við vegamót. Verður með hliðsjón af aðstæðum öllum að skipta sök þannig að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður bifhjólsins 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifhjólsins 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 9. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.